

# Aðalfundur Fisfélags Reykjavíkur.

6.2.2020

Aðalfundur Fisfélags Reykjavíkur settur kl. 20:12, 6.2.2020  
Mættir voru 30 félagar og engin umboð.

Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins er eftirfarandi:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra.
2. Fundarstjóri gerir tillögu um ritara.
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar.
4. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
6. Reikningar bornir upp til samþykktar.
7. Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun næsta árs.
8. Ákvörðun um félagsgjald.
9. Tillögur teknar til meðferðar.
10. Kosning formanns, gjaldkera, ritara, tveggja meðstjórnenda og endurskoðanda.
11. Kosning fulltrúa á þing FMÍ.
12. Skipan nefnda.
13. Önnur mál.

## **Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra.**

Formaður, Jónas Sturla Sverrisson, leggur til að Gylfi Árnason verði fundarstjóri og er það samþykkt. Fundarstjóri staðfesti lögmæti fundar með tilliti til fyrirvara auglýsinga um fundinn, og kynningu tillagna sem eru fyrirliggjandi.

## **Fundarstjóri gerir tillögu um ritara.**

Fundarstjóri leggur til að Geir Björnsson verði fundarritari og er það samþykkt.

## **Formaður flytur skýrslu stjórnar.**

Jónas Sturla Sverrisson formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar þar sem farið var yfir starfsemi félagsins á árinu 2019.

## **Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.**

Geir Björnsson gjaldkeri félagsins fór yfir reikninga síðasta árs. Nokkrar umræður voru um reikningana sem gjaldkeri útskýrði jafnharðan.

## **Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.**

Gerður góður rómur að starfsemi félagsins og engar stórar spurningar sem komu upp. Almennar umræður um reikninga og skýrslu stjórnar án frekari fyrirspurna.

## **Reikningar bornir upp til samþykktar.**

Reikningar félagsins samþykktir með lófataki.

## **Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun næsta árs.**

Gjaldkeri fór yfir Rekstraráætlun ársins 2020 auk þess að stilla upp 2019 með rauntölum og áætlun til samanburðar. Farið var yfir helstu atriði og í hvað fjármunir félagsins eru ætlaðir á næsta ári.

<b>Áætlaður rekstarreikningur Fisfélags Reykjavíkur fyrir 2020</b>					
		Áætlaður fjöldi	Áætlun 2020	Raun 2019	Áætlun 2019
<b>Tekjur</b>	Félagsgjöld	250	2.500.000	1.936.000	1.920.000
	Skýlisgjöld	36	2.700.000	2.700.000	2.850.000
	Aðstöðugjald	42	1.260.000	1.110.000	1.140.000
	Vetrargeymsla	0	1.200.000	1.218.000	1.500.000
	Námskeiðshald	15	1.725.000	1.547.999	1.680.000
	Aðrar tekjur	0	350.000	501.310	200.000
	Styrkur frá Reykjavíkurborg		0	1.200.000	1.200.000
	<b>Samtals tekjur</b>		<b>9.735.000</b>	<b>10.213.309</b>	<b>10.490.000</b>
<b>Gjöld</b>	Kostnaður v/námskeiða	Námskeið	-1.207.500	-1.211.000	-1.176.000
	Viðhald bygginga	Flugskýli	-200.000	-95.318	-200.000
	Rekstur flugvalla	Flugbrautir	-600.000	-635.582	-300.000
*	Tryggingar á Heiði	Rekstur	-250.000	-212.304	-200.000
*	Fasteignagjöld v/skýla	Rekstur	-600.000	0	-600.000
*	Öryggiskerfi	Rekstur	-70.000	-68.242	-70.000
*	Rafmagn og hiti	Rekstur	-350.000	-275.425	-350.000
	Talstöðvarásin	Rekstur	-15.000	-12.600	-15.000
	Félaga-gjöld	Rekstur	-90.000	-80.260	-90.000
	Seðilgjöld	Rekstur	-60.000	-55.432	-100.000
*	Rekstur veðurstöðva	Rekstur	-120.000	-97.560	-120.000
*	Rekstur á Interneti	Rekstur	-130.000	-122.733	-120.000
	Áramót	Rekstur	-15.000	-10.000	-40.000
	Pósthólf/skönnun	Rekstur	-20.000	-14.700	-20.000
	Ýmis kostnaður (félagsheimili)	Rekstur	-200.000	-200.000	-200.000
	<b>Samtals rekstur</b>		<b>-3.927.500</b>	<b>-3.091.156</b>	<b>-3.601.000</b>
	<b>Áætlað tap/hagnaður af rekstri</b>		<b>5.807.500</b>	<b>7.122.153</b>	<b>6.889.000</b>
	Skuldauppgjör til félagsmanna	14 Fjárfesting	-715.000	-315.000	-196.000
	Félagsheimili	Fjárfesting	-3.200.000	-1.445.864	-100.000
	Framkvæmdir á Heiði	Fjárfesting	-1.400.000	-4.007.000	-5.400.000
	Fjárfestingar í kennslubúnaði	Fjárfesting	-120.000	-1.260.000	-1.200.000
	Veðurstöðvar	Fjárfesting	-50.000	-214.455	-200.000
	Vefmyndavélar á Heiði	Fjárfesting	-50.000	0	-50.000
	<b>Samtals rekstur</b>		<b>-5.535.000</b>	<b>-7.242.319</b>	<b>-7.146.000</b>
	<b>Aukning á handbæru fé</b>		<b>272.500</b>	<b>-120.166</b>	<b>-257.000</b>

### Ákvörðun um félagsgjald.

Gjaldkeri lagði til að félagsgjaldið hækki úr 8.000 kr á ári í 10.000 kr á ári. Rökstuðningur gjaldkera var fyrst og fremst aukin umsvif félagsins hvað varðar félagsheimilið, aukin notkun rafmagns og upphitunarkostnaður auk almenna hækkana í öllum rekstri.

Hækkun á félagsgjaldi samþykkt án mótatkvæða.

### Tillögur teknar til meðferðar.

Lagabreytingar

Til að lagabreytingar verði samþykktar þarf aukinn meirihluta til að samþykkja tillögum, þ.e. 2/3 atkvæða.

Tillögur höfðu borist frá Ágústi Guðmundssyni fyrir fundinn.

Ágúst tekur til máls með frekari skýringar á tillögum auk þess að fara yfir sögu félagsins til útskýringar sínu máli.

## Tillaga um breytingar á lögum Fisfélags Reykjavíkur

Lagt er til breytinga á lið 6 sem hljóðar þá svona:

6. Reikningar (**með samanburði við áætlun**) bornir upp til samþykktar.

Lagt er til breytinga á lið 7 sem hljóðar þá svona:

7. Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun næsta árs **til samþykktar**.

Töluverðar umræður urðu um þessar tillögur þar sem fjöldi félagsmanna tók þátt. Ágúst talaði fyrir sínum tillögum og skýrði uppruna þeirra. Gylfi Árnason vildi meina að tillögurnar myndu hefta frjálsræði stjórnar til framkvæmda og að nú þegar væru næg ákvæði í lögum félagsins sem veittu stjórn aðhald varðandi meðferð fjármuna. Þá voru einnig umræður um samburð við áætlun í ársreikningi. Nú þegar er samanburður milli ára í ársreikningi og fjárhagsáætlun sýnir einnig samanburði við áætlun fyrra árs.

Greidd atkvæði um breytingartillögu um 6. grein laga félagsins  
Tillagan var felld þar sem 8 greiddu atkvæði með tillögunni.

Greidd atkvæði um breytingartillögu um 7. grein laga félagsins  
Tillagan var felld þar sem 8 greiddu atkvæði með tillögunni.

## Tillaga um breytingar á rekstri Fisfélags Reykjavíkur

Inngrip Kl: 22:22 Árni Gunnarson og Askur Árnason veita Geir umboð fyrir sínum atkvæðum það sem eftir er fundar.

### **Tillaga 1. Fjármál Fisfélags Reykjavíkur**

*Greiðslur/millifærslur yfir 100.000kr sem Fisfélag Reykjavíkur innir af hendi í bankalínu þurfi staðfestingar tveggja stjórnarmanna (t.d. Formanns og Gjaldkera, auk eins varamanns)*

Nokkrar umræður voru um þessa tillögu þar sem ýmsir annmarkar geta verið á framkvæmdinni og margar hugsanlegar leiðir til að ná markmiðinu um frekara eftirlit með fjármunum félagsins. Þó kom fram í máli þeirra sem til máls tóku að félagsmenn bæru almennt traust til núverandi stjórnar til að höndla með fjármuni félagsins. Almennt töldu fundarmenn að mikilvægt væri að stjórn setti sér ákveðnar verklagsreglur um meðhöndlun fjármuna auk annarra stjórnarstarfa. Ágúst tók ákvörðun um að breyta tillögunni áður en hún yrði borin upp til samþykktar.

### **Tillaga 1 borin upp til samþykktar:**

Aðalfundur samþykkir að fela stjórn með endurskoðanda að setja sér verklag varðandi greiðslufyrirkomulag, verklagið skal kynna og innleiða fyrir 1. júní 2020  
Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

### **Tillaga 2. Bensínklúbbur Fisfélags Reykjavíkur**

*Að bensínklúbbi verði komið í skýrara rekstrarform með stjórn og félagssamþykktum þar sem reksturinn verði opinn og skýr og að tryggt verði að reksturinn sé án áhættu fyrir Fisfélag Reykjavíkur.*

Ágúst tekur enn til máls til útskýringar á tilurð sinna tillagna með margvíslegum útskýringum og tilvitnunum í gamla aðalfundi félagsins meðal annars.

Einnig farið yfir tilurð bensínklúbbs félagsins og fyrirkomulagi þar sem Ágúst fullyrti að ekkert fyrirkomulag væri á rekstri bensínklúbbsins.

Gylfi tekur til máls og skýrir lauslega hvernig rekstri bensínklúbbsins er háttað, og boðar að klúbburinn muni halda fund á næstunni. Umsvif klúbbsins hafa aukist verulega á milli ára og á síðasta ári voru seldir 15.000 lítrar samanborið við 9.000 lítra árið áður. Þessu fylgir töluverð vinna sem öll er unnin í sjálfboðavinnu eins og flest annað hjá félaginu. Gylfi bauðst til að koma á samþykktum og verklagi um klúbbinn í samstarfi við stjórn félagsins.

### **Tillaga 2 borin upp til samþykktar:**

Fundurinn beinir því til stjórnar að bensínklúbbi verði komið í skýrara rekstrarform með stjórn og félagssamþykktum þar sem reksturinn verði opin og skýr og að tryggt verði að reksturinn sé án áhættu fyrir Fisfélag Reykjavíkur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

### **Kosning formanns, gjaldkera, ritara, tveggja meðstjórnenda og endurskoðanda.**

Kosning formanns, gjaldkera, ritara, 2 meðstjórnenda og endurskoðanda

Jónas Sverrisson býður sig fram til áframhaldandi setu formanns, og er kjörinn með lófataki.

Geir Björnsson býður sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu

Óli Öder býður sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu

Arnar Hreinsson býður sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu

Aníta Hafdís Björnsdóttir býður sig fram til stjórnarsetu

Ofangreind fjögur eru kjörin með lófataki.

Sigurþór C Guðmundsson býður sig fram sem endurskoðandi og er kjörinn með lófataki.

### **Kosning fulltrúa á þing FMÍ.**

Samþykkt samhljóða að stjórn fari á þing FMÍ

### **Skipan nefnda.**

Farið yfir skipan í nefndir félagsins

Samþykkt samhljóða, smávægilegar breytingar gerðar frá fyrra ári.

Það má sjá nefndaskipan á heimasíðu félagsins [fisflug.is](http://fisflug.is)

### **Önnur mál.**

Jónas kynnti hugmyndir stjórnar um að koma kennsluvél í gagnið fyrir sumarið. Fyrirkomulagið fellst í því að leigja vél til að byrja með til að fá reynslu á fyrirkomulagið og sjá hvernig til tekst áður en ráðist verður í fjárfestingar í þessu skyni.

Stjórn mun kynna fyrirkomulag á vormánuðum.

Almennt gerður góður rómur að þessu framtaki.

Jónas fjallaði um tryggingamál og upplýsti fundarmenn um að viðræður væru í gangi um tryggingar til félagsmanna við tryggingaendursalann Consello. Nánari útfærsla kynnt á vormánuðum.

Geir sýndi svo teikningar af nýja félagsheimilinu, hvað og hvernig breytingar eru fyrirhugaðar, en á fundinum kom fram almenn ánægja með framtak stjórnar vegna þessa. Þá kom fram að þessi viðbót við félagsheimilið muni efla okkar stöðu mikið t.d. að halda samkomur, fyrirlestra, kennslu o.s.frv auk þess sem flugmenn utan af landi eða erlendis frá geta fengið gistingu fyrir lítið.

Fundi slitið kl. 23:07

Fundarritari Geir Björnsson

Samþykkt fundargerðar: Gylfi Ámason (Fundarstjóri) og Jónas S Sverrisson (Forseti).